



Félag háskólakennara

10. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn miðvikudaginn 13. janúar 2016, kl. 11:30, í Bændahöllinni.

Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zarióh, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Michael Dal og Berglind Rós Magnúsdóttir. Helgi Áss Gréтарsson og Ármann Höskuldsson boðuðu forföll. Helga Birna Ingimundardóttir ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags 2. desember 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
2. Erindi frá stefnumótunarnefnd HÍ.
3. Erindi frá úttektarhópi á vinnumati opinberra háskóla, dags. 7. janúar 2016, meðfylgjandi.
4. Viðhorfskönnun Félags háskólakennara 2016, hjálagt.
5. Stefnumótunarþing BHM, 3. febrúar 2016.
6. Önnur mál.

1. Fundargerð frá 2. desember 2015.

Fundargerð samþykkt og til birtingar á heimasíðu.

2. Erindi frá stefnumótunarnefnd HÍ.

Formaður sagði frá fundi sem hann var boðaður á til stefnumótunarnefndar HÍ. Formaður FPR og var einnig boðaður á fundinn. Meðal annars var rætt um hvaða leiðir hægt er að fara til að umbuna „góðum“ kennurum í kennslustörfum. Ýmsar leiðir voru ræddar kostir þeirra og gallar en ekkert ákveðið frekar. Formaður á von á því að verða boðaður aftur til fundar með nefndinni.

Málið var rætt og voru stjórnarmenn sammála um að erfitt gæti reynst að finna raunhæfar leiðir í þessu sambandi. Hvaða krítériur ætti t.a.m. að nota til að meta „góð“ kennslustörf? Þá geta ýmis vandamál komið upp hjá kennurum sem kenna fámenn en mörg námskeið og eins hjá kennurum með mjög fjölmenn námskeið.

3. Erindi frá úttektarhópi á vinnumati opinberra háskóla, dag. 7. janúar 2016.

Úttektarhópur um vinnumat opinberra háskóla hefur leitað eftir umsögn stjórnar FH vegna endurskoðunar á vinnumatskerfinu. Málið var rætt og sérstaklega sá möguleiki að tengja svör stjórnar vegna erindisins við spurningar í viðhorfskönnun félagsmanna, en þar verður lögð áhersla á vinnumatskerfið. Ákveðið var að stjórnarmenn skoði spurningarnar vel og sendi á milli sín svörum við þeim. Einnig var rætt um að hafa sérstakan fund vegna þess.

Baldvin sagðist ekki geta tekið þátt í þessari vinnu, starfa sinna vegna.

4. Viðhorfskönnun á meðal félagsmanna.

Framkvæmdastjóri lagði fram fyrstu drög að spurningarlista í viðhorfskönnun til félagsmanna. Málið rætt og stjórnarmenn komu með athugasemdir og viðbætur við drögin. Ákveðið að framkvæmdastjóri hreinriti drögin og sendi á stjórnarmenn, sem verða svo unnin áfram í tölvupósti á milli manna.

5. Stefnumótunarþing BHM 2016

Kynning á þinginu sem verður haldið miðvikudaginn 3. febrúar nk. kl. 10.

6. Önnur mál.

Formaður er á leið í námsleyfi, en mun sinna störfum formanns áfram með tölvusamskiptum.

Framkvæmdastjóri sendi fyrirspurn á Vísinda- og nýsköpunarsvið um frekari upplýsingar vegna talnagagna sem sviðið sendi til félagsins í desember.

Fundi lauk kl. 12:30.

Næsti fundur óákveðinn.